

Nd.

### 396. Nefndarálit.

um frumvarp til laga um almennan ellistryk (þskj. 85).

Frumvarp þetta byggir á hinum sama grundvelli sem þegar hefir verið lagður hér á landi með lögum 11. júlí 1890 nr. 29 um styrktarsjóði handa alþýðu, að eins er verksvið þessara styrktarsjóða yfirleitt fært mjög út.

Frumvarpið, eins og það nú hefir verið samþykkt af hv. efri deild, er í þessum aðalatriðum frábrugðið áðurnefndum lögum.

Eftir lögnum nær gjaldskyldan aðeins til vinnuhjúa og lausafólks.

Eftir frumvarpinu hvílir gjaldskyldan á öllum stéttum.

Eftir lögnum nemur gjaldið fyrir karlmenn 1 kr., en kvenmenn 30 a., á ári.

Eftir frumvarpinu greiðir karlmaður árlega 1 kr. 50 a., en kvenmaður 75 a.

Eftir lögnum eru takmörkin fyrir gjaldskyldunni að neðanverðu 20 ára aldur.

Eftir frumvarpinu er það aldurstakmark fært niður í 18 ára aldur.

Eftir lögnum leggur landsjóður ekkert í sjóðina.

Eftir frumvarpinu greiðir landssjóður í þessu skyni tæpan helming á móti árgjaldi hinna gjaldskyldu eða um þriðjung hins venjulega ársauka, og er gert ráð fyrir að það tillag landsjóðs muni nema, eins og nú stendur um 18000 kr. á ári.

Eftir lögnum er styrkurinn ætlaður heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum.

Eftir frumvarpinu er styrkurinn ætlaður aðallega ellihrumum fátæklingum 60 ára eða eldri, og er að þessu leyti verksviðið takmarkað.

Eftir lögnum er veitt árlega  $\frac{1}{2}$  af árgjaldi og  $\frac{1}{2}$  af vöxtum.

Eftir frumvarpinu á að greiða árlega til styrks  $\frac{2}{3}$  af árgjaldinu og  $\frac{1}{2}$  af vöxtum og landsjóðstillagi.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp og að mestu óbreytt frá því er það var lagt fyrir þetta þing, nema í tveim aðalatriðum. Stjórnin lagði til að gjaldið fyrir karlmann væri sett 2 kr. og fyrir kvenmenn 1 kr., en efri deild hefir lækkað þetta gjald um 25%. Stjórnin lagði til að styrkurinn skyldi aðeins ná til þurfandi gamalmenna, 60 ára eða eldri. Þetta er og aðalregla frumvarpsins, eins og efri deild hefir samþykkt það, en þar er þó dregið úr þessari aðalreglu með því að bæta við (í 14. gr.) ákvæði um að þegar sérstakar knýjandi ástæður séu fyrir hendi megi veita styrkinn heilsuþilum fátæklingum, þótt þeir séu ekki 60 ára að aldri.

Nefndin játar, að þetta frumvarp gjöri mikla bót á því ástandi sem er, og að með því sé stigið allstórt spor í áttina til þess að tryggja fátæklinga gegn örbirgð í elli, en álitur að álögur þær, sem frumvarpið á hinn bóginn leggur á almenning séu eigi svo, að ekki megi við una.

Að vísu hefðum vér óskað að hægt væri að tryggja enn betur og almennara öllum landslýð viðunanlega lífshjörg, er heilsuleysi eða ellilasleikar bönnuðu mönnum að vinna fyrir sér sjálfir; en vér höfum þó eigi séð oss fært að koma fram með tillögur um það.

Að öðru leyti vísast til ástæðna stjórnarfrumvarpsins og nefndarálits hv. Ed.

Vér erum að vísu ekki allir sannfærðir um að frammannefndar breytingar heiðr- aðrar efri deildar á stjórnarfrumvarpinu hafi verið nauðsynlegar eða séu til bóta, en viljum samt leggja það til, að háttvirt neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt, eins og það nú er.

Alþingi, 30. marz 1909.

Sigurður Sigurðsson,  
formaður.

Jón Magnússon,  
skrifari og framsögum.

Sigurður Gunnarsson.

Einar Jónsson.

Þorl. Jónsson.